

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122 / 1365
komudagur 20/3 '98

Reykjavík, 19. 03. 1998
Tilv.: 003-101 JGO/EV

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 5. þ.m., þar sem óskað er eftir álitni á frumvarpi til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu (359. mál).

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að brýnt sé orðið að endurskoða gildandi lög um nýtingu auðlinda í jörðu. Stofnunin mælir ekki með samþykkt þessa frumvarps nema á því verði gerðar verulegar breytingar sem taki mið af ríkjandi sjónarmiðum í umhverfisvernd og fyrirliggjandi áætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli nefndarinnar á því, að ekkert tillit virðist vera tekið til skuldbindinga sem felast í alþjóðlegum samningum um vernd umhverfis og Ísland hefur staðfest á undanförunum árum. Ekki virðist heldur hafa verið tekið tillit til gildandi laga sem lúta að vernd og nýtingu náttúruauðlinda svo sem laga nr. 63/1993, l. nr. 60/1992, l. nr. 93/1996 og l. nr. 73/1997.

Við gerð þessa frumvarps hefur ekki verið tekið tillit til áætlunar ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, (framkvæmdaáætlun til aldamóta). Í þeirri áætlun segir m.a. (bls 37):

“Lög um vinnslu jarðefna verði endurskoðuð og samræmd, þannig að þau stuðli að aðhaldi í nýtingu þessarar takmörkuðu og endanlegu auðlindar og því að nýtingin sé í anda meginreglna um sjálfbæra þróun. Meðal annars verði kveðið á um að kortleggja skuli jarðefni. Flokka þarf námusvæði eftir efni, magni, aðgengi og gæðum efnis. Gerð verði



rammaáætlun til langs tíma um nýtingu jarðefna á einstökum landsvæðum í samvinnu við sveitarfélög og eigendur náma.”

Ekki verður séð að tillit hafi verið tekið til þessa atriðis við gerð frumvarpsins né annarra atriða framkvæmdaáætlunarinnar sem varða meðferð jarðefna.

Loks vill Náttúrufræðistofnun vekja athygli nefndarinnar á því að í frumvarpi þessu er verið að fela Orkustofnun verkefni sem eru nú á verksviði annarra stofnana samkvæmt gildandi lögum (t.d. lög nr. 60/1992 og lög nr. 93/1996).

Eftirfarandi eru athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands við einstakar greinar frumvarpsins:

1. grein

Náttúrufræðistofnun telur að lög um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu þurfi að ná til sjávarbotns innan efnahagslögsögu landsins. Setja þarf reglur um nýtingu auðlinda í sjávarbotni sem tryggi skynsamlega nýtingu þeirra og komi í veg fyrir náttúruspjöll.

4. grein

Hér er kveðið á um að iðnaðarráðherra hafi heimild til að láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/1992 ber Náttúrufræðistofnun Íslands að stunda undirstöðurannsóknir á jarðfræði landsins og sjá um útgáfu jarðfræðikorta, m.a. korta sem sýna laus jarðlög og þar með mögulegar námur. Stofnuninni ber einnig að “leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifa mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna.” Þessi ákvæði 4. gr. laga nr. 60/1992 hafa verið túlkuð þannig að stofnuninni beri m.a. að kortleggja jarðefni, flokka námasvæði eftir efni, magni, aðgengi, gæðum efnis og verndagildi. Umhverfisráðherra hefur nýlega lýst því yfir að stofnuninni verði falið að ráðast í þetta mikla verkefni og skapa þannig grunn fyrir áætlun til langs tíma um nýtingu jarðefna á einstökum landsvæðum. Sú yfirlýsing virðist ekki vera í samræmi við þá leið sem valin er með þessu frumvarpi.



Í 4. gr. frumvarpsins er hvorki kveðið á um aðkomu umhverfisráðuneytisins né Náttúrufræðistofnunar að rannsóknum eða mati á auðlindum í jörðu. Nauðsynlegt er að skilgreina með einhverjum hætti hver hlutur opinberra rannsóknastofnanna eigi að vera í skráningu og mati á auðlindum í jörðu og hvaða aðili eigi að meta verndargildi og nýtingarþol þeirra auðlinda.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram að rannsóknir sem framkvæmdar verða með eða án leyfis, geta haft í för með sér veruleg náttúruspjöll. Þrátt fyrir það er ekki kveðið á um að viðkomandi aðilum verði sett skilyrði þar að lútandi. Aðeins er miðað við að setja þurfi skilyrði af öryggis eða tæknilegum ástæðum eða vegna vinnslu sem fram fer á svæðinu.

Taka ætti tillit til laga nr. 93/1996 um náttúruvernd sem kveða m.a. á um skyldur Náttúruverndar ríkisins til eftirlits með framkvæmdum sem geta haft í för með sér náttúruspjöll.

Einnig ætti iðnaðarráðherra að leita álits Náttúrufræðistofnunar áður en leyfi eru veitt til rannsókna eða leitar á auðlindum í jörðu.

5. grein

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að rannsóknaleyfi fylgi skilmálar sem miðast við að takmarka eða koma í veg fyrir náttúruspjöll. Slíkir skilmálar ættu að vera settir samkvæmt ákvörðun Náttúruverndar ríkisins eða umhverfisráðherra.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins skal leita umsagnar Orkustofnunar áður en leyfi eru veitt til rannsókna. Einnig ætti að leita umsagna frá Náttúrufræðistofnun og Náttúruvernd ríkisins.

6. grein

Hér eru gerðar sömu athugasemdir og gerðar eru við 4. og 5. gr. frumvarpsins er varða leyfisveitingar og umsagnir. Athygli er jafnframt vakin á 27. gr. laga nr. 73/1997.



8. grein

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. námulaga (24/1973), sem falla úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Sú breyting er þó gerð að heimild til hagnýtingar án leyfis er ekki bundin við grjót, mól, leir, mó og surtarbrand, heldur tekur hún einnig til bergs, sands, vikurs, gjalls og annarra gos- og steinefna auk moldar.

Ekki eru færð önnur rök fyrir þessari grein frumvarpsins en þau að “ekki þyki fært að rannsóknar- og nýtingarleyfi þurfi til rannsókna og nýtingar á hinum algengari jarðefnum...”

Grein þessi er hvorki í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkistjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, alþjóðlegar skuldbindingar þjóðarinnar né ríkjandi viðhorfi í umhverfismálum. Setja þarf ákvæði um vernd og nýtingu þessara jarðefna ekki síður en annarra. Sérstaklega er brýnt orðið að setja skýrar reglur um nýtingu gjalls og annarra gosefna. Lög um mat á umhverfisáhrifum hafa ekki reynst fullnægjandi til að koma í veg fyrir náttúruspjöll af völdum malar- og grjótnáms eða vinnslu vikurs, gjalls og annarra gosefna.

10. grein

Hér er gert ráð fyrir að Orkustofnun setji skilyrði fyrir hagnýtingu jarðhita, en eingöngu vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum. Ekki er gert ráð fyrir verndarþætti eða skilyrðum vegna hans.

Við endurskoðun þessarar greinar frumvarpsins ætti að hafa hliðsjón af náttúruverndarlögum (nr. 93/1996) og 4. gr. í lögum nr. 60/1992. Athuga ber að samkvæmt 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er hætta á að hagnýting jarðhita í eignarlandi geti haft í för með sér “spjöll á öðrum landgæðum.”

14. grein

Heimilt þarf að vera að setja skilyrði fyrir hagnýtingu grunnvatns sem taki til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Landeigandi eða Orkustofnun ætti að tilkynna Náttúruvernd ríkisins um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiriháttar



framkvæmdir með vísun til þess eftirlitshlutverks sem stofnunin gegnir skv. lögum nr. 93/1996.

VIII. kafli

Vísað er til þess er sagt hefur verið hér að framan.

21. grein

Spurning hvort ekki sé ástæða til að kveða á um eftirlitshlutverk Náttúruverndar ríkisins (sbr. lög nr. 93/1996) til að taka af vafa um hlutverk þeirrar stofnunar varðandi eftirlitsþáttinn.

22. og 23 grein

Vísað er til 6. gr. laga nr. 60/1992 þar sem kveðið er á um varðveislu vísindalegrar upplýsinga um náttúru landsins. Jafnframt er athygli vakin á því að borkjarnar veita miklar upplýsingar um jarðsögu landsins og að fram til þessa hefur það verið talið hlutverk Náttúrufræðistofnunar að varðveita borkjarna þótt stofnunin hafi ekki getað sinnt því hlutverki sem skyldi.

Forstjóri Náttúrufræðistofnunar er reiðubúinn til að mæta fyrir þingnefndina til frekari skýringa á afstöðu stofnunarinnar til þessa frumvarps, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

